



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025

Ábyrgð:

Skipulags- og samgönguráð

Inngangur:

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var fyrst samþykkt árið 2010. Endurskoðuð áætlun var samþykkt árið 2015. Meginmarkmið núgildandi áætlunar, *Hjólreiðaáætlunar 2015-2020*, er að auka hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum í borginni og þar eru sett fram fjögur mælanleg undirmarkmið auk þess sem tilgreindar eru framkvæmdir og aðgerðir í ellefu flokkum.

Hlutverk:

Að leggja fram tillögu að Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025.

Helstu verkefni:

Stýrihópnum er falið að vinna tillögu með mælanlegum markmiðum, framkvæmdum og aðgerðum fyrir tímabilið 2021-2025.

Stýrihópur skilgreini og afmarki í upphafi helstu viðfangsefni vinnunnar og leggi tillögu að megináherslum vinnu við Hjólreiðaáætlun 2021-2025 fyrir skipulags- og samgönguráð.

Stýrihópurinn skipa:

Katrín Atladóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Starfsmenn stýrihóps:

Með stýrihópnum starfi sérfræðingar umhverfis- og skipulagssviðs auk aðkeyptra ráðgjafa.

Starfstímabil:

Tillögu að megináherslum í vinnu hópsins verði skilað til skipulags- og samgönguráðs fyrir 15. september 2020. Tillögu um Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021 – 2025 verði skilað til skipulags- og samgönguráðs fyrir 15. desember 2020.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs 20. maí 2020.